

# Héraðsdómur Norðurlands vestra

Dómur 17. febrúar 2025

Mál nr. S-96/2024:

## Ákærvaldið

(Sigurður Hólmur Kristjánsson lögreglustjóri)

gegn

X

(Sunna Axelsdóttir lögmaður)

## Dómur

### I

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. janúar sl. höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra 1. nóvember 2024, á hendur X, fæddum [...], til heimilis að [...],

„fyrir skjalafals, með því að hafa miðvikudaginn 19. júní 2019, sem framkvæmdastjóri og prókúruhafi einkahlutafélagsins A, kennitala [...], framvísað í blekkingarskyni með beiðni í útibúi Landsbankans á [...], umboði vegna yfirdráttarheimildar veltureiknings sem veitti framkvæmdastjóra/prókúruhafa félagsins heimild til þess að óska eftir yfirdráttarheimild hjá Landsbankanum fyrir allt að 12.000.000 krónur, en skjalið hafði að geyma falsaða undirritun Y, stjórnarformanns félagsins fyrir hönd þess, en undirritun Y var ljósrituð á skjalið. Einkahlutafélaginu A var við framangreind lögskipti á grundvelli beiðninnar veitt yfirdráttarlán að fjárhæð 12.000.000 krónur en á þeim tíma átti félagið í rekstrarerfiðleikum og var úrskurðar gjaldþrota 29. október 2019.

Telst háttsemin varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa [...]"

Ákærði krefst aðallega sýknu, til vara að honum verði ekki gerð refsing en að því frá gengnu vægustu refsingar sem lög frekast heimila.

Undir rekstri málsins var einkaréttarkröfu, með heimild í 175. gr. laga um meðferð opinberra mála, vikið til úrlausnar í sérstöku einkamáli

## II

### *Atvik máls*

Hinn 15. júní 2020 mætti Y að eigin frumkvæði á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík í þeim tilgangi að leggja fram kæru á hendur ákærða fyrir skjalafals og fjársvik. Í skýrslu lögreglu er haft eftir Y að hún hafi verið stjórnarformaður í einkahlutafélaginu A þar sem ákærði hafi verið framkvæmdastjóri. Hún hafi komið að félaginu sem fjárfestir fyrir um þremur árum síðan. Haft er eftir Y að ákærði hafi gert vörutalningu hjá félaginu í september 2019 en hún hafi síðan látið endurskoðanda gera aðra vörutalningu í október það ár og þá hafi komið í ljós að um 1500 [...], að verðmæti um 6.000.000 króna hafi vantað. Hún hafi í framhaldi af þessu fengið upplýsingar hjá Landsbankanum að félagið hafi fengið 12.000.000 króna yfirdráttarheimild sem hún hafi ekki vitað af. Þar hafi hún séð beiðni um yfirdráttarheimild sem hún hafi ekki skrifað undir. Í framhaldi af kæru sinni sendi Y lögreglu nánari upplýsingar um það sem hún taldi skipta máli varðandi rekstur félagsins og það sem hún taldi ákærða hafa aðhafst án heimildar.

Lögregla annaðist rannsókn á undirritun Y á umboð vegna yfirdráttarheimild lögaðila en það er á stöðluðu formi Landsbankans hf. Skýrsla lögreglu um rannsóknina er dagsett 3. febrúar 2021. Á umboðinu eru undirritanir tveggja votta, B og D, og E sem ritar undir skjalið fyrir hönd A og loks undirritun Y. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að undirritun Y hafi verið prentuð eða ljósrituð með bleksprautuprentara á skjalið eða skjalið ljósritað/prentað eftir að undirritunin var sett á það.

Í framhaldi af þessu tók lögreglan vitnaskýrslur af þeim sem rituðu undir yfirlýsinguna sem og útibússtjóra Landsbankans hf. Þá var skýrsla var tekin af ákærða í byrjun aprílmánaðar 2021.

## III

### *Framburður fyrir dómi*

Ákærði lýsti því að Y hafi, í hans viðurvist, ritað undir umboðið 4. júní 2019 í [...] Danmörku en aðrir hafi ritað á skjalið síðar. Ákærði bar að í upphafi hafi ekki legið fyrir að nauðsynlegt yrði að nota umboðið og það því útbúið til öryggis. Ákærði kvaðst ekki geta tekið afstöðu til þess hvers vegna niðurstaða rannsóknar á skjalinu varð sú sem raunin var. Hann taldi mögulegt að hann hafi skannað skjalið sem Y ritaði undir og geymt það í skjalaskrá og síðan prentað það út. Að sögn ákærða var hann í sjálfskuldarábygrð

fyrir nokkrum skuldum félagsins sem hann gekkst undir í tvennu lagi á árunum 2018 og 2019.

Y bar að nýr fjárfestir hafi komið að rekstri félagsins á árinu 2019. Ákærði hafi verið kallaður á fund þeirra í Danmörku til að fara yfir rekstur félagsins. Í október þetta ár hafi hún komið til Íslands og við skoðun á reikningum félagsins hafi komið í ljós að yfirdráttarskuld var við Landsbankann og hún hafi strax séð að undirskrift hennar á skjalið að baki skuldinni var fölsuð. Eftir þetta hafi hún og fjárfestirinn ákveðið að óska eftir gjaldprotaskiptum félagsins. Hún kvaðst aldrei hafa veitt nokkuð umboð til lántöku, en þau lán sem félagið hafi tekið hafði hún í eigin persónu skrifað undir. Þá kvaðst hún aldrei hafa ritað undir nokkur skjöl án þess að vita hvaða skjöl það voru. Vitnið kannaðist einnig við að hafa ekki alltaf notað sitt fulla íslenska nafn meðan hún bjó erlendis og undirritanir hennar því ekki alltaf með fullu íslensku nafni.

Vitnið E, eiginkona ákærða, kannaðist við að hafa skrifað undir umboðið sem stjórnarmaður í félaginu en undirritun Y hafi verið á umboðinu þegar hún skrifaði undir það. Vitnið kvað ákærða hafa hitt Y í Danmörku og þar hafi hún skrifað undir. Engar umræður hafi átt sér stað um það hvers vegna þessi háttur var hafður á við undirritun skjalsins.

Vitnin B og D sem vottuðu umboðið báru báðar að þær hafi ekki séð Y skrifa undir skjalið.

Lögreglufulltrúi nr. 9711 staðfesti skýrslu sem hann ritaði vegna rannsóknar á skjölum sem hann vann. Vitnið kvaðst ekki hafa sérstaka menntun á rannsóknum skjala sem þessum. Vitnið bar að hans mat væri það að útilokað væri að undirskrift Y hafi verið rituð eigin handi á það skjal sem hann fékk til rannsóknar. Vísaði vitnið til rannsóknar sinnar og þá sérstaklega þess að ekki voru þrýstiför eftir undirskriftina á skjalinu en svo hafi verið eftir allar hinar undirskriftirnar. Vitnið kvaðst ekki geta svarað því hvort skjalið hafi í upphafi verið undirritað og síðan prentað út og aðrar undirskriftir ritaðar á það blað.

Vitnið F útibússtjóri Landbankans hf. á [...], taldi að umboðið hafi borist bankanum á pappír. Skjalið hafi ekki verið skoðað sérstaklega og það sé ætlast til þess að skjöl sem þessi berist í frumriti en þó geti komið fyrir að annað form sé látið duga. Vitnið kvaðst ekki hafa haft ástæðu til að efast um réttmæti skjalsins og þá taldi vitnið að ákærði hafi ekki persónulega hagnast vegna skjalsins.

#### IV

## *Niðurstaða*

Ákærða, er eins og í ákæru greinir, gefið að sök að hafa í blekkingarskyni framvísað umboði í Landsbankanum hf. með falsaðri undirritun Y.

Háttsemi ákærða er talin varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga en hún er svohljóðandi; „Hver, sem notar falsað skjal til þess að blekkja með því í lögskiptum, skal sæta fangelsi allt að 8 árum. Skal það einkum metið refsingu til þyngingar, ef skjalið er notað sem opinbert skjal, viðskiptabréf eða erfðaskrá.“ Samkvæmt ákvæðinu er því refsivert að nota falsað skjal til að blekkja með í lögskiptum. Brot er fullframið þegar falsað skjal er notað í blekkingarskyni en auðgunarásetningur þarf ekki að vera til staðar.

Ákærði neitar sök og heldur því fram að Y hafi ritað á umboð vegna yfirdráttarheimildar fyrir A.

Að framan er gerð grein fyrir framburði ákærða og vitna. Af þeim framburði verður ráðið að þegar eiginkona ákærða, sem stjórnarmaður í félaginu og tveir vitundavottar rituðu nöfn sín á umboðið var undirritun Y á skjalinu en hún bar hér fyrir dómi að hún hafi ekki ritað undir umboðið. Umboð það sem framvísað var í Landsbankanum hf. var rannsakað af tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Lögreglumaður sem annaðist rannsóknina kom fyrir dóminn og staðfesti skýrslu sem hann ritaði varðandi rannsóknina. Aðspurður kvað hann útilokað að undirskrift Y væri rituð eigi hendi á skjalið.

Að mati dómsins telst sannað að undirskrift Y er ljósrituð eða með öðrum hætti færð á skjalið. Er þá einkum horft til niðurstöðu rannsóknar lögreglu á skjalinu sem sýnir m.a. að engin þrýstiför eru eftir undirritunina eins og eftir aðrar undirritanir á skjalinu. Skjalið er því falsað en það hugtak hefur verið skilgreint þannig að skjal sé falsað þegar það, með því efni, sem það hefur, stafar ekki frá þeim manni, sem það gefur sjálft til kynna, að það sé frá eða vitað er um að það á að stafa frá.

Af hálfu ákærða var vikið að því að vera kynni að skjalið sem hann framvísaði hafi verið útprentun eða ljósrit af skjali sem Y ritaði undir. Y bar hér fyrir dómi, eins og áður segir, afdráttarlaust að hún hafi ekki skrifað undir umboðið. Ákvörðun hennar um að leggja fram kæru á hendur ákærða fyrir skjalafals rennir stoðum undir þennan framburð hennar en ólíklegt verður að telja að hún hefði lagt fram slíka kæru vitandi að hún hafi áður ritað undir umboð. Verður því við það að miða að það hafi staðið ákærða

nær að framvísa upprunalega umboðinu, sé slíkt umboð til líkt og byggt er á af hans hálfu, en það hefur hann ekki gert.

Með framburði vitna sem áður er rakinn telst sannað að undirritun Y hafi verið komin á skjalið þegar aðrir sem á það rituðu nöfn sín gerðu það. Verður að ganga út frá því að ákærði hafi í framhaldinu komið skjalinu til Landsbankans og hann því framvísað skjalinu í bankanum. Með háttsemi þessari gerðist hann brotlegur við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Við ákvörðun refsingar ákærða er horft til þess að hann hefur ekki áður sætt refsingu. Þá er tekið tillit til þess að ekkert bendir til þess að ákærði hafi ætlað að auðgast persónulega. Raunar eru vísbendingar um að hann hafi með háttsemi sinni aukið áhættu af því að persónulegar skuldir hans við bankann yrðu meiri en ella. Þessu til viðbótar hefur ekkert komið fram í málinu sem sýnir að tjón hafi orðið af háttsemi ákærða. Að þessu gættu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 60 daga en efni eru til að binda refsinguna skilorði og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til 235. gr. laga um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað sem samanstendur af 46.822 króna ferðakostnaði verjanda ákærða og málsvarnarlaun lögmannsins sem þykja að teknu tilliti til tímaskýrslu lögmannsins, umfangs málsins og að meðtöldum virðisaukaskatti hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir. Kostnaður sem tilgreindur er í yfirliti sækjanda féll til vegna rannsóknar á bókhaldi A ehf. Sá kostnaður varðar ekki sakarefni máls þessa og verður ákærða því ekki gert að greiða hann.

Sigurður Hólmar Kristjánsson lögreglustjóri sótti málið.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 60 daga. Fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940

Ákærði greiði 1.051.222 krónur í sakarkostnað þar með talin 1.004.400 króna málsvarnarlaun Sunnu Axelsdóttur lögmanns.

Halldór Halldórsson